

**Nd. 849. Frumvarp til laga [285. mál]**

um ráðstöfun eftirstöðva Ólúsjóðs fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

**1. gr.**

Fé, sem innheimt er skv. ákvæðum laga nr. 106/1974 og laga nr. 55/1975 um Ólúsjóð fiskiskipa umfram skuldbindingar skv. sömu lögum svo og aðrar eignir Ólúsjóðs fiskiskipa umfram skuldir, skal renna til Tryggingasjóðs fiskiskipa til greiðslu iðgjaldsstyrkja vegna tímabilsins 1. janúar 1975 til 15. febrúar 1976.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum var Ólúsjóður fiskiskipa lagður niður og niðurgreiðslu brennsluolíu til fiskiskipa hætt. Eldri lög um ólúsjóðinn tóku til framleiðslu og úthalds fram til 15. febrúar 1976. Þannig var því óinnheimt útflutningsgjald til sjóðsins af birgðum sjávarafurða þann dag, og vitaskuld var einnig ólokið ýmsum skuldbindingum sjóðsins skv. eldri lögum. Hér á eftir fer áætlun um stöðu ólúsjóðsins, þegar öllum skuldbindingum hans er lokið og tekjur fullheimtar.

**Ólúsjóður fiskiskipa — áætlun.**

	M.kr.	Gjöld M.kr.	Tekjur M.kr.
a) Staða Ólúsjóðs gagnvart Seðlabanka 23. apríl 1976		400	
b) Vaxtagjöld, áætluð .....		30	
c) Inneign hjá ríkissjóði 26. apríl 1976 .....			240
d) Eftirstöðvar v/birgða 15. febrúar 1976 .....	440		
Þar af innh. í febrúar .....	÷ 10		
Þar af innh. í mars .....	÷140		
<b>Mismunur færður til tekna</b> .....			<b>290</b>
<b>Samtals</b> .....		<b>430</b>	<b>530</b>

Áætlaður tekjuafgangur Ólúsjóðs er því um 100 m.kr., og hefur þá ekki verið talin nein vaxtagreiðsla frá ríkissjóði, þótt hann hafi skuldað Ólúsjóði verulegar fjárhæðir á tilteknum tímabilum.

Skuld Ólúsjóðs á hlaupareikningi í Seðlabanka nam um 400 milljónum króna hinn 23. apríl 1976. Samkvæmt upplýsingum í Seðlabanka eru frekari útgjöld sjóðsins vegna niðurgreiðslna á olíu talin óveruleg, en ógreidd vaxtagjöld vegna skuldar á hlaupareikningi í Seðlabanka talin munu nema um 30 milljónum króna.

Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar eru útflutningsgjöld til Ólúsjóðs af sjávarvörubirgðum hinn 15. febrúar síðast liðinn talin geta numið um 440 milljónum króna. Áætlun þessi, sem gerð var í marslok, er reist á birgðatölum frá Fiskifélagi Íslands og verðlagsáætlun Þjóðhagsstofnunar frá í mars s. l. Hér er líklega nokkuð varlega áætlað, þar sem verðhækkningar á Bandaríkjamarkaði og gengissig íslensku krónunnar kunna að valda nokkuð hærri greiðslum í sjóðinn, eða sem næmi 20—40 m.kr.

Í febrúarmánuði voru um 10 m.kr. greiddar í Olíusjóð af birgðum þessum, en innheimta þess mánaðar nam alls um 184 m.kr. Í mars námu Olíusjóðsgjöld um 212 m.kr., þar af um 140 m.kr. af birgðunum frá 15. febrúar, en um 70 m.kr. voru greiddar af sjávarvöru, sem flutt var út fyrir 15. febrúar. Í aprilmánuði eru heildargreiðslur í Olíusjóð taldar um 210 m.kr., og samkvæmt upplýsingum hjá tollstjóra eru greiðslur þessar eingöngu af þeim birgðum, sem til voru í landinu 15. febrúar síðast liðinn og fluttar voru út eftir þann tíma. Þannig munu nú um 80 m.kr. enn ógreiddar í Olíusjóð.

Inneign sjóðsins hjá rikissjóði vegna innheimtu þriggja fyrstu mánaða ársins nam um 240 m.kr. hinn 26. apríl síðast liðinn.

Þegar upp er staðið, virðist því mega vænta a. m. k. 100 m.kr. tekjuafgangs hjá Olíusjóði.

#### **Tryggingasjóður fiskiskipa.**

Eins og fram hefur komið við umræður á Alþingi á þessu ári, bæði um frumvarp til laga um útflutningsgjald og síðar við umræður um frumvarp til laga um greiðslu vátryggingagjalda fiskiskipa, er fjárhagur Tryggingasjóðs fiskiskipa ekki nægilega traustur með tilliti til allra skuldbindinga, sem á sjóðnum hvíla. Sjávarútvegsráðuneytið hefur með útgáfu reglna þeirra, sem Tryggingasjóður fiskiskipa starfar nú eftir, ábyrgst sérstaklega greiðslu iðgjaldsstyrkja vegna ársins 1975 og fram til miðs febrúar 1976, skv. fyrri tilhögun. Með þeirri lækun, sem varð á tekjum sjóðsins skv. lögum nr. 5/1976, mun sjóðnum veitast örðugt að rísa undir þessum kvöðum af eigin fé. Þessi vandi var reifaður nokkuð í skýrslu tillögunefndar um sjóði sjávarútvegs (á bls. 96 og 97) og þar m. a. á það bent, að nauðsynlegt gæti verið að gera sérstakar ráðstafanir á umþóttunartíma til þess að auðvelda breytingar á sjóðakerfinu, sem óneitanlega fela í sér röskun á fyrirkomulagi, sem hefur staðið lengi.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að hugsanlegum eftirstöðvum Olíusjóðs fiskiskipa verði varið til þess að létta Tryggingasjóði greiðslur iðgjaldsstyrkja ársins 1975 og til 15. febrúar 1976. Þörfin fyrir þessa ráðstöfun er ótvíræð, því að í lok apríl var yfirdráttur Tryggingasjóðs fiskiskipa hjá Seðlabankanum um 260 m.kr. og ekki horfur á, að sjóðurinn geti rétt þann halla af eigin rammleik.